



Reykjavík, 2. október 2018
VEL2018080035
BM/þe

Lagt fyrir fund velferðarráðs 10. október 2018

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri

Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrræði fyrir fólk með tvíþættan vanda

Á 335. fundi velferðarráðs þann 17. ágúst 2018, lagði velferðarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokks fram svohljóðandi fyrirspurn:

„Óskað er eftir upplýsingum um hvaða úrræði eru starfrækt hjá Reykjavíkurborg fyrir fólk með tvíþættan vanda, eru úrræðin kynjaskipt, fyrir hversu marga einstaklinga eru tiltekin úrræði, hversu margir eru á biðlista og hvert er einstaklingum vísað sem ekki komast inn í tiltekin úrræði?“

Svar:

Sértæk húsnæði fyrir geðfatlaða einstaklinga eru rekin á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Af 356 einstaklingum sem búa í íbúðarkjörnum velferðarsviðs fyrir fatlað fólk eru 157 skilgreindir með geðfötlun. Í dag búa 136 geðfatlaðir einstaklingar í sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk eða í sjálfstæðri búsetu með stuðningi frá starfsfólki íbúðakjarna. Af þessum 157 einstaklingum er 21 skilgreindir með bæði geð- og fíknivanda og búa þeir á herbergjasambýli eða í búsetukjarna.

Þrjú heimili fyrir tvígreinda einstaklinga eru rekin af velferðarsviði. Í Hraunbæ og Starengi búa einstaklingar sem hafa farið í áfengis- og/eða vímuefnaðferð. Á Miklubraut búa einstaklingar sem geta verið í neyslu.

Búsetuúrræði fyrir tvígreinda einstaklinga – rekin af velferðarsviði Reykjavíkurborgar - kynjaskipting í apríl 2018

	Fjöldi rýma	Karlar	Konur	Utankjarnaþ. kk	Utankjarnaþ. kvk
Hraunbær	7	5	2	4	1
Starengi	6	5	1	2	2
M20	8	8			
Alls	21	18	3	6	3

Í apríl 2018 bjuggu á heimilinu í Hraunbæ tvær konur og fimm karlmenn. Einnig veita starfsmenn heimilisins fimm einstaklingum þjónustu út frá kjarna. Í apríl 2018 var sú þjónusta veitt fjórum karlmönnum og einni konu.

Í apríl 2018 bjuggu á heimilinu að Starengi ein kona og fimm karlmenn. Þá veittu starfsmenn heimilisins fjórum einstaklingum þjónustu út frá kjarna, tveimur karlmönnum og tveimur konum.

Í apríl 2018 bjuggu á heimilinu að Miklubraut átta karlmenn.

Í húsnæðisúrræðum og utankjarnaþjónustu Reykjavíkurborgar fyrir tvígreinda einstaklinga voru í apríl 2018 alls 30 einstaklingar. Af þeim voru 80% karlmenn og 20% konur.

Umsækjandi um sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk, svo sem geðfötlun, þarf að hafa staðfesta fötlunargreiningu frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins eða annarri viðurkenndri sjúkrastofnun eða frá teymi fagfólks sem hefur sérfræðipækkingu á fötlun. Í ágúst 2018 voru 47 einstaklingar á biðlista eftir sértæku húsnæði fyrir geðfatlaða.

Allir sem eru á bið eftir sértæku húsnæði voru boðaðir í viðtöl á þjónustumiðstöð á árinu 2018 þar sem þeim var kynnt uppbyggingaráætlun um sértæk húsnæði. Þá var ítarlega farið yfir hvaða stuðning viðkomandi hefur og þarf á að halda á meðan beðið er eftir úthlutun og þjónustu bætt við eftir þörfum.

Berglind Magnúsdóttir
skrifstofustjóri